



umsögn frá Barnavernd Rvk.  
Almennt: Tölvupóstur  
Málsnúmer: SRN20040095  
Málalyklar: 9.2  
Eigandi skjals: Skúli Þór Gunnsteinsson  
Staða: Lokið  
Dagsetningar:  
Búið til: 25.06.2020  
Dagsetning skjals: 25.06.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Netfang: ""

Notandi: "  
Dagsetning: 25.6.2020 14:50:54  
Til: "Skúli Þór Gunnsteinsson"  
Efni: umsögn frá Barnavernd Rvk.

Sæll Skúli,

Ég vísa í tölvupóst þinn dags. í dag varðandi umsögn um reglugerð um skráningu einstaklinga.

Fyrir hönd Barnaverndar Reykjavíkur leyfi ég mér að koma á framfæri einni athugasemd. Það er varðandi f-lið 2. gr., þar sem þyrfti að taka á því þegar foreldrar eru sviptir forsjá með dómi eða þeir afsala sér forsjá með dómsátt. Vinnureglan er sú hjá Barnavernd Reykjavíkur að við tilkynnum slíkar breytingar til Þjóðskrár. Það væri hins vegar rétt að taka þetta sérstaklega fram og þá hvort sú skylda ætti að hvíla barnaverndarnefndum eða á dómstólum. Þegar foreldrar eru sviptir forsjá á grundvelli 29. gr. barnaverndarlaga þá er slíkt gert með dómi og því mundi 1. liður f-liðar 2. gr. ekki eiga við um þau tilvik, þ.s. þar er talað um „úrskurði um forsjá“.

Þá geri ég ráð fyrir að miðlun um vensl á grundvelli 18. gr. verði rafræn. Þá leikur okkur auðvitað forvitni á að vita hvenær gera má ráð fyrir að reglugerðin og rafrænn aðgangur að þjóðskrá verði að veruleika.

Kær kveðja,  
Katrín

Katrín Helga Hallgrímsdóttir  
Skrifstofustjóri lögfræði og stjórnslu  
Barnavernd Reykjavíkur  
Borgartúni 12 – 14

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.